

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Vogabyggð svæði 1, Gelgjutangi – nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. september 2017, nýtt deiliskipulag í Vogabyggð, svæði 1, Gelgjutanga. Í deiliskipulaginu er ráðgert að setja inn heildstæða einingu íbúðarbyggðar á sex lóðum fyrir allt að 349 íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Þ59 Sprengisandur – nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 5. október 2017, deiliskipulag fyrir svæðið Þ59 Sprengisandur. Í deiliskipulaginu felst uppbygging atvinnuhúsnæðis á þremur lóðum þar sem nú er Bústaðavegur 151. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hólavað 63-71.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 23. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna raðhúss á lóð nr. 63-71 við Hólavað. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni/nýtingarhlutfalli, m.a. að bæta við kvist og hækka hús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fylkisvegur 6, íþróttasvæði Fylkis.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 26. október 2017, breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fylkis að Fylkisvegi 6. Í breytingunni felst m.a. að setja fjögur 24,4 metra há ljósmöstur við keppnisvöll til að lýsa upp völlinn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Holtavegur 23, Langholtsskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 3. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Langholtsskóla að Holtavegi 23. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur suðvesturhluta lóðar er færður í norðausturhluta lóðar og minnkaður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Borgartún 34-36.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóð til suðurs og vesturs, fjölgun íbúða, kvöð um verslunarrými á 1. hæð við Sóltún, bílastæði flest neðanjarðar, heimilt að hækka hluta húsanna, auka nýtingarhlutfall og rífa öll húsin á lóðunum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 22. nóvember 2017.*

**Björn Axelsson.**